

## **Aðalfundur FSA haldinn í Kvos í Smiðju 20. mars 2026.**

settur kl. 12:35

Dagskrá fundarins er sem hér segir:

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður setur fundinn. Tillaga um að Hildur Edwald verði fundarstjóri og Inga Skarphéðinsdóttir fundarritari samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar. kl. 12:36

HE kynnir skýrslu stjórnar.

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram.

Þuríður Benediktsdóttir lagði fram ársreikning 2025. Samþykktur af öllum viðstöddum fundarmönnum.

Rætt um hvernig eigi að nýta fjármuni félagsins. HE fræðsla fyrir félagsmenn, t.d. um lífeyrismál.

4. Skýrslur nefnda kl. 12:51

a. Skýrsla Orlofssjóðs. Endurskoðaðir reikningar Orlofssjóðs lagðir fram. kl. 12:59.

Steinunn Haraldsdóttir kynnir skýrslu Orlofssjóðs og leggur fram reikninga. Samþykkt af öllum viðstöddum fundarmönnum.

b. Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs. Endurskoðaðir reikningar Starfsmenntunarsjóðs lagðir fram. kl. 12:51

Árni Davíð leggur fram endurskoðaða reikninga og kynnir skýrslu sjóðsins. Hagnaður 6.253.623 kr. m.a. þar sem ekki var farin nein hópferð á árinu 2025. Sjóðurinn stendur vel. Má gera ráð fyrir að verðum í einhverjum mínus eftir 2026 þar sem allar stofnanir sem sækja í sjóðinn fara í ferð á árinu. Veit þó ekki með Mannréttindastofnun.

Samþykkt af öllum viðstöddum fundarmönnum.

c. Skýrsla Fjölskyldu- og styrktarsjóðs. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram. kl. 13:07

Elín Valdís leggur fram reikninga og kynnir skýrsluna. Kristel hætt á skrifstofunni, hún var varamaður og Jón Magnússon mun hætta með haustinu. Erla Ósk búið að bjóða sig fram sem varamaður í stað Jóns Magnússonar og Sóley Hjartardóttir.

Samþykkt af öllum viðstöddum fundarmönnum.

5. Lagabreytingar. kl. 13:19

Engar tillögur að lagabreytingum bárust.

6. Kosning tveggja meðstjórnenda og eins varamanns. kl. 13:20

Höfum reynt að hafa einn af starfsfólki þingflokka með í stjórn. Hafa engin viðbrögð borist.

Þuríður kjörin til eins árs á síðasta fundi. Kosinn aðalmaður til 2 ára.

Tillaga um að bjóða með að kjósa einn aðalmann í stjórn þar til höfum fengið tillögu að aðalmanni frá starfsfólki þingflokka. Frestað til framhaldsaðalfundar.

Tveir varamenn í stjórn. Borist tvö framboð. Auður Örlygsdóttir og Eggert Ólafsson. samþykkt.

7. Kosning skoðunarmanna og varamanns. kl. 13:24

Heiðrún Pálsdóttir hefur gefið kost á sér áfram. Ekki Erla Ósk því hún tekur sæti í FOS. Hjálmar Hinz kjörinn skoðunarmaður. Ragnheiður Gunnarsdóttir áfram varamaður.

8. Kosning í nefndir kl. 13:24

Orlofssjóður. Tveir í stjórn sjóðsins til næstu 2 ára. Garðar og Laufey bjóða sig fram áfram. Varamaður til 1 árs: Ásta Lilja. Samþykkt.

FOS. Tveir nýir varamenn. Erla Ósk Benediktsdóttir og Sóley Hjartardóttir bjóða sig fram. Samþykkt.

Starfsmenntunarsjóður. Næst verður kosið í stjórn hans á aðalfundi 2027.

9. Önnur mál kl. 13:27

Rætt um að félagið sé að safna tekjum umfram kostnað eftir að skemmtifélagið var klofið frá félaginu. Umræður um hvort lækka eigi félagsgjöldin að nýju eða hvort félagið geti ánafnað fé til sjóða félagsins.

Fundi slitið kl. 13:33.

Mætt á fundinn:

Hjálmar Örn Hinz

Þuríður Benediktsdóttir

Inga Skarphéðinsdóttir

Hildur Edwald

Björn Freyr Björnsson

Arnór Steinn Ívarsson

Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Ívar Már Ottason

Eggert Ólafsson

Steinunn Haraldsdóttir

Auður Örlygsdóttir

Árni Davíð Magnússon

Garðar Adolfsson

Helga Finnsdóttir

Axel Viðar Egilsson

Brynjar Páll Jóhannesson